



Borgarráð

Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu í menningar- og listalífi vegna Covid-19

Samþykkt var í borgarráði þann 30. apríl 2020 að auka fjármagn í menningarpott Reykjavíkurborgar vegna ársins 2020 um 30 m.kr. Lögð er til enn frekari viðspyrna Reykjavíkurborgar í menningarmálum vegna Covid 19 með því að setja samtals 30 m.kr. til viðbótar í verkefnastyrki og skapandi störf sem auðga munu enn frekar menningarlífið í Reykjavík og styðja við sjálfstætt starfandi listamenn. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 í samræmi við tillöguna til framlagningar í borgarráði.

Ofangreind fjárhæð skiptist þannig að 16 m.kr. til viðbótar verði settar í menningarpott borgarinnar vegna ársins 2020, 5 m.kr. verði settar í verkefni Listasafns Reykjavíkur sem ber heitið *Haustlaukar II*, 4 m.kr. verði settar í gjörningahátíð Listasafns Reykjavíkur í haust og 5 m.kr. verði settar til viðbótar í verkefnapott Listahátíðar í Reykjavík. Síðasttöldu þrjú verkefni eiga það einnig sameiginlegt að glæða miðborgina enn meira lífi á næstu vikum og er það í takt við það átaksverkefni borgarinnar að efla menningu, mannlíf, söfn og aðra rekstraraðila miðborgarinnar í sumar og haust.

Greinargerð

Fyrsta viðspyrna Reykjavíkurborgar í menningarmálum vegna Covid 19 fólst í því að auknir fjármunir voru settir í menningarpott borgarinnar vegna ársins 2020. Um það bil 750 umsóknir bárust og taldi faghópurinn sem fór yfir umsóknir að alls 109 umsóknir væru mjög sterkar. En þar sem ekki var um ótæmandi sjóð að ræða hlutu 43 umsóknir brautargengi. Hver umsókn fékk ýmist 500.000 kr. styrk eða 750.00 kr. styrk.

Faghópurinn stillti upp ýmsum öðrum möguleikum ef ske kynni að meira fjármagn yrði sett í sjóðinn. Verði hann stækkaður um 16 m.kr. til viðbótar verður hægt að velja úr þeim umsóknum sem þegar hafa borist og faghópurinn hefur mælt með. Þannig gætu um það bil 20 til 30 umsóknir fengið brautargengi til viðbótar við þær sem þegar hafa verið samþykktar.

Úthlutanir úr menningarpotti eru að mestu verkefnastyrkir, það er að segja, fara ekki eingöngu í þóknun eða laun, heldur að mestu í annan kostnað við verkefni.

Því er lagt til að viðbótar fjármunir fari í atvinnuskapandi verkefni fyrir sjálfstætt starfandi listamenn, sem stýrt er af Listasafni Reykjavíkur. Annars vegar verkefnið *List í almannarými, Haustlaukar II*. Er það framhald verkefnisins *Haustlaukar* sem fram fór síðastliðið haust og gekk út að að stilla upp sýningum með listamönnum á ólíklegustu stöðum í borginni og fjarri hefðbundnum sýningarrýmum. Lagt er til að 5 m.kr. fari í það verkefni sem færu í þóknun til sjálfstætt starfandi listamanna en Listasafn Reykjavíkur mun sjá um

ut anumhald.

Hins vegar er um að ræða gjörningahátíð í Hafnarhúsinu í haust þar sem listamönnum yrði boðið að taka þátt. Lagt er til að 4 m.kr. verði settar í þetta verkefni sem færu í þóknun til sjálfstætt starfandi listamanna. Listasafn Reykjavíkur mun annast ut anumhald og kynningu.

Að síðustu er lagður til frekari stuðningur við Listahátíð í Reykjavík til að halda úti viðburðarhaldi í Iðnó í sumar, en þrjú listhópar sem skráðir eru með yfirtöku á húsinu í sumar, fengu ekki styrk úr fyrrgreindum menningarsjóði borgarinnar, eins og vonast var til. Lagt er til að hátíðin fái 5 m.kr. til viðbótar til að greiða fjölbreyttum listhópum fyrir yfirtökur á Iðnó í sumar og styðja þar með við fjölbreytta flóru menningar og lista í miðborginni. Allir viðburðir í Iðnó verða án endurgjalds í sumar.

Dagur B. Eggertsson

Samrit:

Menningar- og ferðamálasvið.

Fjármála- og áhættustýringarsvið.